



HÚNAÞING VESTRA

KLAPPARSTÍG 4 - 530 HVAMMSTANGI
SÍMI: 455 2400 - FAX: 455 2409
KT. 540598-2829 - VSK. nr. 59022

Alþingi
Erindi nr. P 137/445
komudagur 26.6.2009

Minnisblað sveitarstjóra Húnaþings vestra um stöðu sparissjóða og stofnfjáreigenda.

Í tengslum við umfjöllun Alþingis um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki vill sveitarstjóri Húnaþings vestra hér með lýsa yfir þungum áhyggjum af stöðu sparissjóðanna í landinu og þá sérstaklega stöðu stofnfjáreigenda í fyrrum Sparissjóði Húnaþings og Stranda.

Árið 2007 var samþykkt að Sparissjóður Húnaþings og Stranda sameinaðist Sparissjóði Keflavíkur. Í tengslum við þann samruna var stofnfé Sparissjóðs Húnaþings og Stranda aukið í samtals 1,9 milljarð kr. í tveimur áföngum. Allir stofnfjáraðilar nýttu forkaupsrétt sinn við aukningu stofnfjárins og Húnaþing vestra jók þannig stofnfjáreign sína um samtals 160 milljónir kr. Mikill meirihluti stofnfjáreigenda fjármagnaði stofnfjárukninguna með lántöku og stöðu einstaklingar í þeirri góðu trú að stofnfé þeirra væri eina trygging til lánveitenda fyrir lántækunni og var þá einnig vísað til ákvæða laga um skyldu sparissjóða til að leysa til sín stofnfé á genginu 1. Með stofnfjárukningunni voru stofnfjáreigendur að standa vörð um starfsemi sparissjóðsins og þar með atvinnulíf í sveitarfélaginu. Sparissjóðurinn hefur um árabil verið hornsteinn í héraði og gengt ómetanlegu hlutverki fyrir atvinnulíf og búsetu.

Ljós er að staða fjölmargra einstaklinga, tuga heimila og sveitarfélagsins er grafalvarleg vegna skuldbindinga sem þessir aðilar hafa tekið á sig vegna stofnfjárukningar í sparissjóðnum. Þess vegna er mikilvægt að við umfjöllun um málefni sparissjóðanna verði tekið tillit til þeirrar misjöfnu stöðu sem einstakir sparissjóðir eru komnir í og þar með þau samfélög sem þeir tengjast t.d. vegna þess hvernig stofnfjáreigendahópurinn er samsettur. Því leggja sveitarstjórnarmenn í Húnaþingi vestra áherslu á að staða einstakra sparissjóða verði vandlega metin áður en teknar verði ákvarðanir um hvort stofnfé verði fært niður í tengslum við mögulega aðkomu ríkisins að sparissjóðunum með framlagningu nýs stofnfjár.

Sögu egt yfirlit.

Sparissjóður Vestur-Húnavatnssýslu var stofnaður árið 1919 og var í eigu og Sýslusjóðs Vestur-Húnavatnssýslu. Um 1990 tók Héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu yfir skyldur sýslunefndar þ.m.t. stofnfé sparissjóðsins. Það var síðan árið 1998 sem Sparissjóður Vestur-Húnavatnssýslu sameinaðist Sparissjóði Hrótsfirðinga á Borðeyri. Við sameiningu sjóðanna tók sveitarstjórn Húnaþings vestra, sem þá var orðin stofnfjáreigandi Sparissjóðs Vestur-Húnavatnssýslu, þá ákvörðun að bjóða íbúum sveitarfélagsins að kaupa meirihluta stofnfjár sveitarfélagsins til sölu e nafnverði. Um 70 einstaklingar þekktust þetta boð. Stofnfé hins sameinaða sparissjóðs, sem hlaut nafnið Sparissjóður Húnaþings og Stranda, var við sameiningu innan við 2 milljónir og í eigu um 100 stofnfjáreigenda og var Húnaþing vestra stærsti eigandinn. Árið 2004 bauð stjórn sparissjóðsins út nýtt stofnfé til stofnfjáreigenda og anvarra íbúa á þjónustusvæði sjóðsins. Allstór hópur fólks nýtti sér þetta boð og eftir þessa stofnfjárukningu var stofnfé sjóðsins nálægt 10 milljónum króna og fjöldi stofnfjáreigenda um 170.

Hvammstangi 25. júní 2009
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.